

Birtist á Pressan.is, 3. júní 2011.

Kanadadollar væri góður kostur!

Jón Steinsson

Í morgun birtist áhugaverð [frétt](#) á vísí um að áhrifamenn í fjármálaráðuneyti og seðlabanka Kanada hefðu sýnt því mikinn áhuga að Ísland tæki upp kanadadollar sem lögeyri. Ég er í engri aðstöðu til þess að meta áreiðanleika þessarar fréttar (og mér finnst hún satt að segja nokkuð ótrúleg – „too good to be true“ – eins og kaninn myndi segja). En ef hún er rétt þá tel ég að um sé að ræða tækifæri sem við ættum að hreinlega að stökkva á.

Af fréttinni að dæma virðast þessir aðilar í Kanada í raun vera áhugasamir um **tvíhliða** samkomulag um upptöku Íslands á kanadadollar. Ef slíkt samkomulag hefði í för með sér að Fjármálaeftirlit Kanada tæki að sér bankaeftirlit á Íslandi og að Seðlabanki Kanada gerðist lánveitandi til þrautarvara á Íslandi væri það afskaplega áhugaverður kostur fyrir okkur Íslendinga.

Það er líklega ekki ofsagt að Kanadamenn hafi staðið sig betur í því að hafa eftirlit með bankageiranum en flest önnur lönd. Kanada er eitt fárra landa þar sem bankakerfið slapp algerlega við vandræðin sem hráði banka í flestum öðrum löndum (en þó hvergi meira en á Íslandi) á síðustu árum.

Peningamálastjórn hefur einnig verið til fyrirmyndar í Kanada undanfarna áratugi og er Seðlabanki Kanada í dag á meðal fremstu seðlabanka heims. Þar að auki er efnahagur Kanada á margan hátt líkur efnahag Íslands. Bæði Ísland og Kanada flytja út mikið af hrávöru. Því hafa sveiflur í hrávöruverðum á heimsmarkaði áhrif á bæði hagkerfin.

Íslenska krónan heldur mjög aftur af íslenska hagkerfinu eins og staðan er í dag. Tilvist hennar útheimtir annað tveggja gjaldeyrishöft eða himinháa vexti. Hún er þar að auki viðskiptahindrun og líklega sérstaklega hindrun í vegi fyrir aukinni samkeppni á fjármálamarkaði á Íslandi. Það er til mikils að vinna að losna við krónuna. Samningur um upptöku kanadadollars gæti verið besti kostur okkar hvað það varðar.